

2022-04-20

Hr. Tryggvi Tryggvason, frkv.stj.  
Lífeyrissjóður bankamanna

### Efni: Réttindaöflun og iðgjaldspörf í Aldursdeild

Með þeim forsendum sem notaðar hafa verið við mat skuldbindinga sjóðsins við lok árána 2019 -2021 hefur reiknast halli á framtíðarstöðu Aldursdeildar sem er rúm 5%. Það er að segja, að miðað við reikniforsendur er ekki búist við að iðgjöld og ávöxtun þeirra muni duga til að fjármagna þau réttindi sem samþykktir gefa fyrirheit um.

Réttindaöflur Aldursdeildar voru ákvarðaðar miðað við aðrar forsendur en notaðar voru 2019-2021. Lágmarksiðgjald var ákveðið 10% og með því iðgjaldi uppfylla ákvæði samþykktu skilyrði laga um 56% réttindaöflun fyrir 40 ára inngreiðslutíma, en ekkert umfram það.

Þegar niðurstaðan er sú að iðgjöld standi ekki lengur undir réttindaöflun sem veitt er má draga í efa að sjóðurinn uppfylli skyldu til að veita lágmarkstryggingavernd, þó góð ávöxtun liðinna ári valdi því að áunnin staða sjóðsins sé metin jákvæð.

Einnig skal jafnan miðað við að iðgjöld standi undir réttindaöflun og verður því að leggja til að samþykktum sjóðsins verði breytt þannig að réttindaöflun verði lækkuð svo jafnvægi komist á framtíðarstöðu. Af því myndi leiða að hækka þarf lágmarksiðgjald sjóðsins úr þeim 10% sem samþykktir tilgreina nú.

Virðingarfyllst,  
TBG ehf.



---

Bjarni Guðmundsson